



## Frístundakort fyrir grunnskólanema 2022

### *I. Almenn um frístundakortið*

Foreldrar barna með lögheimili á Skagaströnd eiga rétt á 25 þúsund króna styrk, fyrir hvert barn á grunnskólaaldri, sem þátt tekur í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Frístundakortin taka gildi 1. janúar ár hvert og gilda í eitt ár. Skil á gögnum vegna frístundaþátttöku síðastliðins árs er í síðasta lagi 31. janúar næsta árs. Eftir það fellur réttur þess árs niður.

### *II. Tilgangur*

Tilgangur frístundakorta er að hvetja börn og unglinga til þátttöku í hvers konar íþrótt- og æskulýðsstarfi og að jafna möguleika foreldra til að börnum sé það mögulegt.

### *III. Gildistími*

Réttur til frístundakorts gildir í eitt ár og tekur gildi 1. janúar ár hvert. Skil á gögnum vegna frístundaþátttöku ársins er í síðasta lagi 31. janúar næsta árs. Eftir það fellur réttur þess árs niður. Ákvörðun um frístundakort er bundin afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvert ár.

### *IV. Hvaða frístundastarf*

Frístundakortin ná til starfsemi íþróttafélaga auk hverskonar skipulagðs félags- og tómsundastarfs sem stendur í sex vikur eða lengur og greitt er fyrir með þáttökugjaldi. Þar að auki gildir kortið fyrir aðra tómsundaiðkun, s.s. tónlistar- og listnám. Skilyrði til að frístundakort nái til endurgreiðslu á félags- og tómsundastarfi er þau að starfsemin sé viðurkennd af sveitarstjórn og um hana séu veittar allar þær upplýsingar sem óskað er eftir.

### *V. Hverjir eiga rétt*

Foreldrar með lögheimili á Skagaströnd sem eiga börn á grunnskólaaldri eiga rétt á frístundakorti, fyrir hvert barn, til niðurgreiðslu á íþrótt- og tómsundastarfi. Þegar greitt hefur verið fyrir það námskeið eða starf sem grunnskólabarn vill eða hefur tekið þátt í, er farið með kvittunina á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem sótt er um frístundakort. Fjárhæð sem nemur verðgildi frístundakorts verður síðan endurgreidd vegna viðurkennds frístundastarfs.

*Nánari upplýsingar veitir:*

*Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri*

*Skrifstofusími 455-2700*